

Kæri ráðherra og gestir.

Í dag útnefnið umhverfis- og auðlindaráðherra Varðliða umhverfisins í 13. sinn.

Verkefnasamkeppnin Varðliðar umhverfisins er samstarfsverkefni umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, Landverndar og Náttúruskóla Reykjavíkur. Hún hefur það að meginmarkmiði að kalla eftir leiðsögn yngri kynslóðarinnar í umhverfismálum, en samkeppnin er opin öllum nemendum í 5. – 10. bekk grunnskóla hér á landi.

Fulltrúar þeirra sem standa að keppninni skipa valnefnd verkefnasamkeppninnar, þau Guðrún María Ólafsdóttir fyrir Náttúruskóla Reykjavíkur, Bergþóra Njála Guðmundsdóttir fyrir umhverfis- og auðlindaráðuneytið og ég, Katrín Magnúsdóttir fyrir Landvernd.

Í ár barst fjöldi verkefna í keppnina og voru þau ákaflega fjölbreytt. Það er mjög ánægjulegt að sjá hversu ríkan sess umhverfismálin fá í skólunum og hversu skapandi leiðir eru farnar að því að fjalla um þau. Það var því ekki einfalt fyrir valnefndina að velja hvaða nemendur skyldu útnefndir Varðliðar umhverfisins í ár. Að lokum komst valnefnd þó að þeirri niðurstöðu að veita tveimur skólum viðurkenninguna.

Það er mér sönn ánægja að tilkynna að Varðliðar umhverfisins árið 2019 eru nemendur á miðstigi Ártúnsskóla í Reykjavík og nemendur í 9. bekk og 10. bekk Valhúsaskóla á Seltjarnarnesi. Nemendur beggja skóla völdu það að fjalla um Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna og þannig náðu verkefnið yfir flest þau umhverfis- og sjálfbærnimál sem efst eru á baugi í dag. Nálgunin er þó ólík og mun ég hér greina frá verkefnunum í stuttu máli.

-----

Í Ártúnsskóla var um að ræða samvinnuverkefni nemenda í 5. – 7. bekk sem teygði anga sína víðar í skólann. Nemendurnir unnu saman í blönduðum hópum tvær kennslustundir á viku og kynntu sér meðal annars Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna. Hver hópur kynnti sér eitt markmið og valdi sér leið til að kynna það fyrir yngri nemendum skólans. Sett var upp dagskrá í sal skólans þar sem Heimsmarkmiðin voru kynnt með glærusýningum, leikþáttum, myndböndum og veggspjöldum og voru nemendur þar hvattir til aðgerða. Hér skal getið um nokkrar þeirra:

- Settur var upp leikþáttur sem snerist um markmið 10, *aukinn jöfnuð* þar sem niðurstaðan var að sjálfsögðu að allir ættu að fá sömu laun og vinnu óháð kyni, litarhafti, kynþætti og fleiru.
- Saminn var rapptexti og mótmælaspjöld þar sem mikilvægi þess að sóa ekki mat var haldið á lofti og var hvorutveggja hluti af dagskrá Menningarvöku skólans núna í apríl sem vinir og fjölskyldur skólasamfélagsins nutu góðs af.
- Umhverfisnefnd skólans kynnti fjölmargar lausnir til að bæta loftgæði í skólanum og komu m.a. af stað verkefninu „ræktum í skólastofunni“ og eru

nú gluggakistur skólans iðandi af grænum og gómsætum matjurtum sem allir geta gætt sér á um leið og þær bæta loftgæði í skólastofunum.

- Fyrstu bekkingar skólans hvöttu til þess að samnemendur þeirra myndu nota nestisbox í stað einnota lausna enda „betra fyrir umhverfið og jörðina“ auk þess sem það „verndar nestið okkar frá því að það sullist, kremjist og fari út um alla tösku sem getur eyðilagt skóladótið okkar.“
- Í samstarfi við Krakkafréttir hjá RÚV og Skógræktina, unnu nemendur myndefni um skógrækt þar sem fjallað var um skógarhirðu, kolefnisbindingu og súrefnisframleiðslu skóga, viðarnytjar, eldivið, eldbakstur, tálgun og fleira en nemendur úr 5. og 6. bekk sýndu hvernig farið er að. Útdrættir úr efninu voru sýndir í Krakkafréttum RÚV í mars.

Er það mat valnefndar að með verkefnum sínum gefi nemendur á miðstigi Ártúnsskóla sérlega góða leiðsögn um hvernig best verði unnið að umhverfismálum í framtíðinni. Þeir hafi gert sitt til að breyta hegðun annarra til hins betra, bæði í nærsamfélagi sínu og á landsvísu. Verkefnið hafi náð yfir breitt svið sjálfbærnimála og opnað augu nemenda og annarra fyrir þeim margvíslegu áskorunum sem þjóðir heims standa frammi fyrir í framtíðinni.

-----

Nemendur í 9. og 10. bekk Valhúsaskóla á Seltjarnarnesi tóku einnig fyrir Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna en út frá lögmálum nýsköpunar. Eftir að hafa kynnt sér markmiðin fóru þau í hugmyndavinnu í því skyni að finna sjálfbærar lausnir á þeim áskorunum sem tekist er á við í Heimsmarkmiðunum. Krakkarnir bjuggu til vöru, þjónustu eða verkferli og færðu rök fyrir því hvernig varan eða þjónusta þeirra stuðlaði að sjálfbærri þróun. Þeir héldu kynningu fyrir foreldra, forráðamenn, samnemendur og starfsmenn í sal skólans, voru í sambandi við fyrirtæki, gerðu kannanir í skólanum og stóðu fyrir undirskriftasöfnunum. Þá stendur til að senda grein um verkefnið í bæjarblaðið Nesfréttir.

Sem dæmi um vörur og þjónustu sem krakkarnir komu með hugmyndir að eru:

- Pappafernur fyrir gosdrykki til að draga úr plastnotkun.
- Rafhleðslukerfi í götur borgarinnar fyrir almenningsamgöngur.
- Hattur sem ver fólki fyrir brennandi ljósi sólarinnar en umbreytir um leið sólarorkunni í raforku sem má t.d. hlaða með farsíma og snjallúr.
- Kerfi þar sem boðið er upp á mánaðaráskrift að leikföngum til að draga úr þörf fyrir framleiðslu leikfanga úr plasti.
- Þjónustuna Hundhverfisvænt fyrir hundaeigendur, þar sem hægt er að panta hreinsun á úrgangi hunda í gegnum sérstakt app eftir að þeir hafa viðrað sig, en eigandinn gefur upp hvar og hvenær hvutti hefur létt á sér og borgar lága upphæð fyrir hvert skipti. Þannig má nota einn plastpoka undir afurðir margra hunda og draga þannig úr plastnotkun.

Það er mat valnefndar að nemendur í Valhúsaskóla hafi á lausnamiðaðan hátt og með hugmyndaauðgi og sköpunargáfu tekist á við margar af helstu áskorunum

samtímans. Þeir hafi lagt sig fram um að kynna lausnir sínar vítt og breitt um nærsamfélag sitt og þannig veitt eldri kynslóðum leiðarljós í því hvernig ná megi markmiðum um sjálfbæra þróun.

Mig langar nú að biðja hina nýbökuðu Varðliða umhverfisins 2019, nemendur úr Ártúnsskóla og Valhúsaskóla að veita viðtöku viðurkenningarskjöllum úr hendi Guðmundar Inga Guðbrandssonar, umhverfis- og auðlindaráðherra. Í framhaldinu munu Varðliðarnir fá Sprengi-Kötu úr Sprengigönginu í heimsókn í skólana sína með efnafræðisýningu sem vonandi ýtir undir áframhaldandi áhuga og upplifun þeirra af undraheimi náttúruvísindanna.